

1. fundur *- Leikskólumál kl 16:00*

Mættir eru Anna Þórný Sigfúsdóttir, Anna María Flygenring, Ástráður Unnar Sigurðsson, Einar Bjarnason (formaður), Rósa Birna Þorvaldsdóttir, Helga Guðlaugsdóttir, Ingvar Þrándarson, Elín Anna Lárusdóttir, Kristófer Tómasson

Anna Þórný Sigfúsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Ný skólanefnd – hlutverk og starfsáætlun: Einar Bjarnason lagði fram erindisbréf skólanefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi hlutverk skólanefndar. Ákveðið var að vísa því til endurskoðunar og mun formaður skólanefndar, skólastjóri og sveitarstjóri fara yfir það. Það verður lagt fram á næsta skólanefndarfundi.
2. Skýrsla sérkennslustjóra 2017 – 2018, samantekt frá leikskólastjóra: Elín Anna, leikskólastjóri, fór yfir verkferli sérkennslu í Leikholti. Einstaklingsbundið er hvaða leið er farin í sérkennslu. Skólinn er með flott heildaryfirlit sem hann getur státað sig af.
3. Kannanir frá vorinu 2018:

Eftirfarandi kannanir voru gerðar í vor fyrir skólaárið 2017 - 2018

- a. Foreldrakönnun
- b. Starfsmannakönnun
- c. Nemendakönnun

Leikskólastjóri fór yfir niðurstöður þessara kannana sem allar komu vel út.

4. Barna- og starfsmannahópur: Leikskólastjóri fór yfir barna- og starfsmannahóp komandi vetrar. Einhverjar breytingar munu verða á starfsmannahópi þegar líður á veturinn.
5. Persónuvernd: Persónuverndarmál voru rædd. Stórar og breyttar áherslur eru vegna nýrra persónuverndarlaga. Leikskólinn er ekki með sína eigin heimasíðu en notar fésbókarsíðu í staðinn með myndum, myndbrotum og alm. tilkynningum. Almennar upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Áhugi er að halda áfram með þessa fésbókarsíðu. Foreldrar þurfa að hlíta ákveðnum reglum sem varðar aðgengi að notkun. Leikskólinn er með góða skjalavistunaráætlun. Vinna við innleiðingu persónuverndarstefnu hjá sveitarfélaginu miðar vel.
6. Önnur mál
 - a. Formaður skólanefndar lýsti yfir áhuga á að athuga með Vináttuverkefnið Blæ fyrir grunnskólann sem er forvörn gegn einelti. Finna má verkefnið inná Barnaheill.is
 - b. Leikskólastjóri hefur áhuga á að fá ákveðinn starfsmann fyrir en áætlað var vegna manneklu.

Fundi slitið kl. 17:24

Einar Bjarnason
Anna M. Flygenring
Ingvar Þrándarson
Rósa Birna Þorvaldsd.
Helga Guðlaugsd.
Elín Anna Lárusdóttir
Anna Þórný Sigfúsd.
Ástráður Unnar Sigurðsson